

AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2013, föstudaginn 21. júní var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2012.

Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík og hófst kl. 16:00.

Þessi sátu fundinn: Jón Gnarr borgarstjóri fyrir Reykjavíkurborg, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri fyrir Akraneskaupstað og Eiríkur Ólafsson, staðgengill sveitarstjóra fyrir Borgarbyggð.

Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Haraldur Flosi Tryggvason, Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon, Sóley Tómasdóttir, Hrönn Ríkharðsdóttir, Bjarni Bjarnason forstjóri, Guðmundur Páll Jónsson, bæjarfulltrúi í Akraneskaupstað, Sigurður Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, og Guðmundur I. Bergþórsson innri endurskoðandi OR.

Þetta gerðist:

Ákveðið að fundarstjóri yrði Elín Smáradóttir hdl. og Eiríkur Hjálmarsson fundarritari.

1. Formaður stjórnar, Haraldur Flosi Tryggvason, flutti skýrslu stjórnar og lagði fram Ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2012 og Umhverfisskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2012. Hann nefndi einnig að væntanleg væri yfirferð endurskoðunarnefndar stjórnar á skýrslu úttektarnefndar eigenda og að stjórn væri langt komin með að uppfylla allar kröfur
2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur 2012 lagður fram til staðfestingar. Reikningurinn var samþykktur, undirritaður af stjórn og forstjóra og áritaður af endurskoðendum á fundi stjórnar 22. mars 2013.

Reikningurinn staðfestur.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að ekki verði greiddur arður fyrir árið 2012. Tillagan er í samræmi við samþykka aðgerðaáætlun Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda, dags. 29. mars 2011.

Samþykkt.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar, að fenginni tillögu starfskjaranefndar, um þóknun stjórnarmanna:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að stjórnarlaun ársins 2012 verði kr. 125.000 á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 35.000 á fund.

Jafnframt verði heimilt að greiða upp í laun ársins 2013 kr. 125.000 á mánuði fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 35.000 á fund.

Breyting á þóknun taki þó gildi 1. júlí 2013.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

5. Kjöri stjórnar lýst.

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 19. júní 2013 um kjör stjórnarmanna af hálfu Reykjavíkurborgar:

Aðalmenn:

Haraldur Flosi Tryggvason, Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon og Sóley Tómasdóttir.

Varamenn: Auður Hermannsdóttir, Elín Blöndal, Regin Freyr Mogensen, Júlíus Vífill Ingvarsson og Gísli Marteinn Baldursson.

Formaður var kjörinn Haraldur Flosi Tryggvason.

Varaformaður var kosin Brynhildur Davíðsdóttir.

Lagt fram bréf bæjarstjóra dags. 13. júní 2013 um kosningu fulltrúa Akraneskaupstaðar.

Aðalmaður:

Hrönn Ríkharðsdóttir

Varamaður:

Jóhann Ársælsson.

Staðgengill sveitarstjóri Borgarbyggðar lýsti því yfir að skipan áheyrnarfulltrúa verði óbreytt:

Aðalmaður:

Ragnar Frank Kristjánsson

Varamaður:

Björn Bjarki Þorsteinsson

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga um endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur:

Í samræmi við tillögu, sem samþykkt var á aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur þann 14. júní 2012, leggur stjórn til við aðalfund að eigendafundur verði boðaður til að kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrir árið 2013 þegar niðurstöður útboðs Reykjavíkurborgar og dótturfyrirtækja hennar um kaup á endurskoðunarþjónustu liggja fyrir.

Samþykkt.

7. Önnur mál.

- Lögð fram til upplýsingar starfskjarastefna Orkuveitu Reykjavíkur. Brynhildur Davíðsdóttir, formaður starfskjaranefndar gerði grein fyrir stefnunni. Umræður.
- Forstjóri greindi frá umræðum og vinnu innan OR að auðlindamálum á Hengilssvæðinu.
- Borgarstjóri kom á framfæri þökkum til stjórnar og starfsfólks Orkuveitu Reykjavíkur fyrir starfið á liðnu starfsári. Opinber umræða um fyrirtækið væri orðin málefnalegri en áður og taldi traust á því hafi aukist. Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar og staðgengill sveitarstjóra Borgarbyggðar tóku heilshugar undir orð borgarstjóra.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 16:35.


Jón Gnarr


Eiríkur Ólafsson


Regína Ásvaldsdóttir